

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingum á skipulagsskrá fyrir Styrktarsjóð hjartveikra barna nr. 281 15. maí 1996.

Stjórn Styrktarsjóð hjartveikra barna hefur hinn 9. september 1996 og 22. janúar 1997 samþykkt eftirfarandi breytingar á skipulagsskrá sjóðsins, sem staðfest var 15. maí 1996.

1. gr.

4. gr. c liður orðist svo:

Sjóðnum er fyrst og fremst ætlað að styrkja hjartveik börn. Heimilt er að styrkja önnur langveik börn, ef sérstaklega stendur á.

2. gr.

5. gr. orðist svo:

Stjórn sjóðsins skipa 5 menn. Yfirlæknir barnadeildar Landspítalans skal tilnefna einn mann í aðalstjórn. Stjórn Neistans skal tilnefna fjóra menn í aðalstjórn og tvo í varastjórn, einn aðalmanna og einn varamanna skulu vera félagsmenn Neistans. Tilnefningar skulu gilda í 2 ár í senn, í fyrsta sinn skulu félagsmenn Neistans þó aðeins tilnefndir í eitt ár.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Gjaldkeri hennar skal hafa á hendi vörslu fjármuna sjóðsins.

3. gr.

6. gr. orðist svo:

Stjórn sjóðsins úthlutar úr sjóðnum og metur þörf umsækjenda. Þrír stjórnarmenn hið fæsta skulu vera sammála um mat á þörf og úthlutun úr sjóðnum.

Ofangreindar breytingar á skipulagsskrá fyrir Styrktarsjóð hjartveikra barna staðfestast hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 30. janúar 1997.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.